



Ársskýrsla leikskólans Uglukletts

Veturinn 2022/2023



BORGARBYGGÐ



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólalagd hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Efnisyfirlit


1. Inngangur.....	Error! Bookmark not defined.
2. Stjórnun	4
2.1 Almennar upplýsingar	4
2.2 Áætlanir	5
2.3 Húsnæði og lóð.....	6
3. Uppeldis- og menntastarf.....	6
3.1 Endurmat síðasta starfsárs	6
3.2 Áherslur í starfi leikskólans á komandi starfsár.....	6
4. Mannauður.....	6
4.1 Starfsmenn	Error! Bookmark not defined.
4.1.1 Starfsmannahópurinn 1. ágúst.	6
4.1.2 Starfspróunarsamtöl	7
4.1.3 Símenntun síðasta skólaárs	7
4.1.4 Önnur símenntun	7
4.1.5 Áætlun um símenntun í leikskólanum	7
4.2 Börn	7
4.2.1 Barnahópurinn 1. ágúst	8
4.3 Foreldrar	8
4.4 Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldrasamtöl	9
4.4.1 Frá foreldraráði	9
5 Samstarf leik- og grunnskóla	10
6 Mat á skólastarfi	10
6.1 Innra mat leikskólans.....	10
6.3 Ytra mat	12
6.3.1 Umbótaáætlun	12
6.4 Matsáætlun fyrir skólaárið 2022-2023.....	13
7 Leikskóladagatal 2022-2023.....	13

1. Greinargerð leikskólastjóra

Í þessari ársskýrslu verður farið yfir helstu þætti og endurnmat þessa vetrar ásamt því að sett er fram starfsáætlun fyrir skólaárið 2023 -2024. Markmið þess er að gera stefnu og sýn leikskólans skýrari og markvissari.

2. Stjórnun

Helstu leiðarljós við rekstur leikskólans eru að búa vel að starfsfólki, börnum og foreldrum og leita sem bestra leiða til að standast fjárhagsáætlun.



2.1 Almennar upplýsingar

Heimasíða skólans: <http://ugluklettur.leikskolinn.is/>

Starfsheiti	nafn	símanúmer	netfang
Leikskólastjóri	Kristín Gísladóttir	433-7150	kristing@borgarbyggd.is
Aðstoðarleikskólastjóri	Elín Friðriksdóttir	433-7150	elinf@borgarbyggd.is
Sérkennslustjóri	Ágústa Hrönn Óskarsdóttir	433-7150	agustahronn@borgarbyggd.is
Deildarstjóri Grettisbæli	Dröfn Traustadóttir	433-7150	drofn@borgarbyggd.is
Deildarstjóri Grábrók	Sylvía Ósk Rodriguez	433-7150	sylvia.rodriguez@borgarbyggd.is
Deildarstjóri Baula	Karina Nielsen	433-7150	kn@borgarbyggd.is
Deildarstjóri Eldborg	Anna Gyða Bergsdóttir	433-7150	agb@borgarbyggd.is
Deildarstjóri Skessuhorn	Hugrún Lukka Guðbrandsdóttir	433-7150	hlg@borgarbyggd.is
Matráður	Pálína Guðmundsdóttir	433-7152	pa@borgarbyggd.is

2.2 Áætlanir

Yfirlit yfir áætlanir skólaárið 2022 – 2023

	Uppfærð	Hvenær á að uppfæra	Birting	Ábyrgð
Ársskýrsla	jún.22	jún.23	Heimasíðu	Matsteymi
Áfallaáætlun	okt.22	okt.24	Í möppu á kaffistofunni	Stjórnendur
Áætlun um foreldrasamstarf	jan.22	jan.26	Heimasíðu	Stjórnendur
Áætlun um móttöku nýrra barna	2020	2024	Heimasíðu	Stjórnendur
Eineltisáætlun	2015	2022	Heimasíðu	Stjórnendur
Foreldrahandbók	jan.22	2026	Heimasíðu	Deildastjórar
Forvarnarstefna	2021	2025	Heimasíðu	Heilsuteymi
Heilsustefna	2019	2023	Heimasíðu	Heilsuteymi
Jafnréttisáætlun	2019	2023	Heimasíðu	Stjórnendur
Lestrastefna Borgarbyggðar	jún.22	jún.22	Heimasíðu	Stjórnendur
Móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk	2021	2025	Starfsmannahandbók	leiðsagnarkennari
Næringarstefna	2021	2025	Heimasíðu	Heilsuteymi
Rýmingaráætlun	2021	2022	Heimasíðu	Stjórnendur
Skólafestefna Borgarbyggðar	2022	2027	Heimasíðu	Borgarbyggð
Starfsmannahandbók	2021	2025	Starfsmannahandbók	leiðsagnarkennari
Verkaskipting stjórnenda	2022	2026	Handbók deildar	Stjórnendur
Viðbragðsáætlun Almanna- og borgarinnvæðingarmála	mar.20	2024	Heimasíðu	Stjórnendur
Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta	nóv 2022	2026	Heimasíðu	Stjórnendur
Bráðaofnæmisáætlun	2022	2023	Heimasíðu/handbók deildar	Deildastjórar
Skipulag sérkennslu og verkferlar	2020	2024	Heimasíðu	Sérkennslustjóri
Matsáætlun vetrarins	ágú.22	2023	Heimasíðu	Matsteymi
Matsáætlun 2022-2027	ágú.22	ágú.27	Heimasíðu	Matsteymi
Umbótaáætlun 2022-2023	jún.22	maí.23	Heimasíðu	Matsteymi
Símenntunaráætlun	Sept 2022	Ág 23	Handbók deildar	Stjórnendur
Brunakerfið og slökkvitæki skoðuð	Maí 2019			
Aðalskoðun á leikvelli í Uglukletti	Júlí 2021			

2.3 Húsnæði og lóð

Í lok janúar 2023 bættist fimmta deild leikskólans en hún var búin til úr 5 gámum. Eftir kosningu meðal barnanna fékk rýmið heitið Grettisbæli. Vandað var til verka, parket lagt á gólf og innrétting sett upp. Mjög góð samvinna var við þá iðnarmenn sem komu að verkinu. Í maí varð svo vatnsleki, út frá hitakút á baðherbergi, og þurfti að skipta um gólfefni á Grettisbæli.

3. Uppeldis- og menntastarf

Grettisbæli

Grábrók

Eldborg

Baula

Skessuhorn

4. Innra mat leikskólans

Pennan vetur var megináhersla á virkt lýðræði innan lærdómssamfélagsins, innra mat, starfendarannsóknir og foreldrasamstarf.

4.1 Endurmat vetrarins

4.2 Áherslur í starfi leikskólans á komandi starfsári, 2023/2024

4. Mannauður

4.1.1 Starfsmannahópurinn.

Haustönn

Starfsmannahópurinn þennan veturinn saman stendur af 31 starfsmanni, 12 starfsmenn hafa kennsluréttindi og 2 aðra háskólamenntun.

Vorönn

Það bættist í deildastjóra hópinn með fimmtudeildinni. Hugrún Lukka tók tímabundið við stöðunni í febrúar en í maí var staðan auglýst og var Lukka fastráðin í kjölfarið.

4.1.2 Starfsþróunarsamtöl

Deildarstjórar tóku árleg starfsmannasamtöl að þessu sinni auk þess var lagt til að þeir tækju örsamtöl við hvern starfsmann, ca 10 mínútur, einu sinni í mánuði.

4.1.3 Símenntun þessa skólaárs

Símenntun starfsmanna fór að mestu leyti fram í gegnum þróunarverkefni vetrarins og námsferð starfsmanna til Ítalíu, 18. – 23. apríl 2023. Auk þess voru fyrirlestrar á starfsmannafundum sem og skipulagsdögum á skólaárinu.

- Námskeið í skyndihjálp
- Upprifjun á námskeiði um réttindaskóla
- Fyrirlestur um snemmtæka íhlutun og einhverfu
- Námskeið um líkamsbeytingu
- Námskeið í barnaverndarmálum.

4.1.4 Önnur símenntun

Líkt og fyrri ár er töluvert um að starfsmenn séu að sækja sér ýmsa símenntun og starfsþróun. 2 starfsmenn vinna að því að klára stúdentspróf, 2 eru namar í leikskólaliðanámi, 2 starfsmenn eru namar í grunnnámi á háskólastigi, annar í kennarafræðum hinn í uppeldis- og menntunarfræði. 2 starfsmenn eru á námsbrautum sem ljúka með viðbótardiplómu, annar í Farsæld barna og hinn í Uppeldisfræði með áherslu á jákvæða sálfræði. Einn starfsmaður er í meistaranámi í uppeldis- og foreldraráðgjöf.

4.1.5 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Símenntun starfsmanna mun að mestu leyti fara fram á starfsmannafundum sem og skipulagsdögum á skólaárinu 2022-2023.

- Fyrirlestur um starfendarannsóknir
- Fyrirlestur um virkt nemendalýðræði
- Fyrirlestur um lög um farsæld barna
- Fyrirlestur um breytingarstjórnun og starfsáængju
- Námsferð til Ítalíu í apríl 2023

4.2 Börn

Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.

4.2.1 Barnahópurinn 1. ágúst

Barnahópurinn skiptist á fjórar deildar:

Skessuhorn, árgangar 2021 og 2020

Baula, árgangar 2020 og 2019

Grábrók, árgangur 2018

Eldborg, árgangur 2017

	Haust 2022					
	2017	2018	2019	2020	2021	
Stúlkur	10	10	8	9	5	
Drengir	9	10	5	8	4	
Alls	19	20	13	17	9	78

Barnahópurinn skiptist nú á fimm deildar:

Skessuhorn, árgangar 2022 og 2021

Baula, árgangar 2021 og 2020

Eldborg, árgangur 2019

Grábrók, árgangur 2018

Grettisbæli, árgangur 2017

	Maí 2023						
	2017	2018	2019	2020	2021	2022	
Stúlkur	11	10	7	9	8	2	
Drengir	9	10	5	9	8	2	
Alls	20	20	12	18	16	4	90

4.3 Foreldrar

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna og er leikskólanám viðbót við uppeldi foreldra en á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Foreldrasamstarf byggist á þessum grundvallaratriðum og því er mikilvægt að foreldrar þekki starfsfólk leikskólans og að samskiptin byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti. Við leggjum mikla áherslu á góð samskipti og það að foreldrar séu óhræddir við að koma og ræða við okkur um hvaða málefni barnsins sem er. Foreldrar og starfsfólk vinna saman að því að gera það besta fyrir hvert barn hverju sinni og sýna traust, trúnað, sveigjanleika

og sanngirni. Í Uglukletti er borin virðing fyrir tíma foreldra og barna og mikilvægi samveru þeirra.

Við viljum að foreldrar finni sig ávallt velkomna í leikskólann og leggjum áherslu á góð samskipti og þátttöku foreldra í starfi leikskólans. Dagleg samskipti og upplýsingastreymi til foreldra eru mikilvægir þættir sem stuðla að traustu og jákvæðu sambandi milli heimilis og skóla. Boðið er upp á foreldrasamtöl tvisvar á ári, en foreldrum er velkomið að biðja um samtöl oftar ef þeir vilja. Foreldrafundur er haldinn að hausti, þar sem vetrarstarfið er kynnt og foreldrafélagið heldur sinn aðalfund. Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla nr.90/2008 skal kjósa foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Kosning skal fara fram í september á hverju ári og skulu sitja að lágmarki þrjú foreldrar í ráðinu, til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur og ber leikskólastjóra að starfa með foreldraráðinu. Hlutverk foreldraráðs er að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Það hefur einnig umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

Eftir langvarandi lokanir í Covid hyggjumst við leggja áherslu á foreldrasamvinnu og að endurverkja það umhverfi og samstarf, sem við viljum hafa á þessu sviði. Því verður lögð áhersla á að efla samtal við foreldra og fá þá til að taka virkan þátt í leikskólastarfinu.

4.4 Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldrasamtöl

Sex foreldrar sitja í foreldraráði þennan veturinn. Þau eru:

Kolbrún Tara Arnarsdóttir

Helena Rós Helgadóttir

Agnes Rut Högnadóttir

Páll Arnar Steinarsson

Andri Már Margrétarson

Ingibjörg Jóhanna Kristjánsdóttir

Einn foreldrafundur er haldinn fyrir alla foreldra leikskólans að hausti. Foreldrafundur fyrir alla foreldra barna í elsta árgangi er haldinn í janúar en þar er farið yfir skil á milli skólastiga.

4.4.1 Frá foreldraráði

Leikskólastjóri hitti foreldraráð á fundi þann 4. október 2022. Þar var starfsáætlun lögð fyrir og kynnt. Áætlunin var samþykkt án athugasemda.

5 Samstarf leik- og grunnskóla

Tilgangurinn með samstarfi milli skólastiga er að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms nemenda. Mikilvægt til að ná þessum markmiðum er að treysta á gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á þessum tveimur skólastigum á starfi og starfsaðstæðum hvers annars. Markmiðið er að stuðla að vellíðan og öryggi barna og foreldra þegar börnin flytjast á milli skólastiga. Til þess að ná þessum markmiðum er mikilvægt að samræmi sé milli þess sem börn vinna með eða gera í leikskólanum og þess sem unnið er að í grunnskólanum; að kröfur og væntingar í sambandi við vinnubrögð, nám og samskipti séu rædd og mótuð og séu öllum kunn. Ekki er stefnt að því að allt eigi að vera eins á skólastigunum heldur að mismunurinn sé innan þeirra marka að hann valdi ekki óöryggi og kvíða hjá börnum og foreldrum þeirra.

Á hverjum vetri heimsækja börnin Grunnskóla Borgarness í fámennum hópum, fara þá inn í 1. bekk og kynnst því hvernig er að vera í bekk. Að vori fara börnin í þriggja daga heimsókn í Grunnskóla Borgarness ásamt elstu börnunum í leikskólanum Klettaborg. Þar eru þau eins og einn bekkur og fá að æfa sig í nýjum aðstæðum. Markmiðið er að gera börn og foreldra öruggari með færslu úr leikskóla í grunnskóla. Kennarar úr grunnskólanum koma einnig í heimsókn í leikskólann og hitta Fálkana að vori eða snemma sumars.

Það er vilji okkar að efla enn frekar það samstarf sem verið hefur milli skólastiganna og auka samtal um það starf sem fer fram á hvoru stiginu fyrir sig. Með aukinni þekkingu fæst betri skilningur á aðstæðum og auðveldara verður búa til samfellu í námi barnanna.

6 Mat á skólastarfi

Í leikskólanum er starfið í stöðugri þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem er framkvæmt af starfsfólki leikskólans og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat. Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi og líðan. Matið á einnig að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna séu virt. Í leikskólanum er starfið í stöðugri mótun og þróun og þar á sér stað sífellt endurmat.

6.1 Innra mat leikskólans

Lögð er áhersla á að mat fari fram jöfnum höndum. Deildarstjórar og hópstjórar halda utan um skráningar á vinnu barnanna s.s. í hópatímum og öðrum tímum dagsins. Til þess nýtum

við t.d ferilmöppur þar sem gögnum barnanna er safnað saman og námsáætlanir sem taka til tveggja mánaða í einu, þannig tekst að bera þekkingu áfram og miðla reynslu og því sem er verið að vinna með á hverjum tíma, börnunum til hagsbóta. Með því teljum við að yfirsýn verði bæði markviss, skýr og samræmanleg við alla námsþætti Skólanámskrár skólans. Uppeldisfræðilegar skráningar er matstæki sem við notum til að sjá hvernig vinnan hefur gengið, þær gefa góða yfirsýn yfir hvað gengur vel og hvað þarf að bæta. Þeir matslistar sem notaðir eru hér í leikskólanum eru Orðaskil – Hljóm2 – TRAS. Þá eru einnig notaðir listar eins og íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn og fleiri.

Við leggjum áherslu á að samræma vinnubrögð fyrir þau börn sem eru á sama aldri og gerum það með samtali og samvinnu hópstjóra sem eru með sama aldur. Markmið okkar er einnig að efla teymisvinnu kennara með þessum hætti.

Deildastjórafundir eru haldnir einu sinni í viku þar sem farið er yfir áætlanir og starfið hverju sinni, það endurmetið og yfirfarið.

Deildafundir hafa verið mismunandi milli deilda. Yngri deildarnar hafa nýtt tímann þegar börnin sofa en eldri deildunum hefur gengið ver að finna tíma til þess að halda deildarfundum. Hefur verið lagt upp úr því að nýta hluta af tímum á starfsmannafundum og starfsdögum til þess að halda þessa fundi. Merkjanlegur munur er að eftir að stytting vinnuvikunnar tók gildi þá er erfiðara að finna tíma fyrir þessa fundi.

Lausnarteymisfundir eru haldnir aðra hvora í viku í leikskólanum. Þá hittast leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri og fara yfir mál einstakra barna og önnur tilfallandi mál sem geta komið upp. Að auki eru teknar fyrir þær beiðnir sem liggja fyrir fundinum og þær afgreiddar. Annað lausnarteymi er sameiginlegt fyrir alla leikskólanna en þar hittast sérkennslustjórar eða annar tengiliður innan leikskólans auk starfsmanns skólalþjónustunnar. Fundirnir eru hugsaðir sem jafningjastuðningur og eru mál nemenda tekin fyrir nafnlaust og ópersónugreinanleg.

Börnin meta skólastarfið reglulega og eru matsaðferðir breytilegar og aðlagðar þroska barnanna. Sérstaklega er hugað að því að láta hugmyndir barnanna verða að veruleika og að skoðanir þeirra hafi þær bein áhrif á skólastarfið. Starfsfólk endurmetur leikskólastarfið reglulega með ýmsum hætti. Bæði er það gert á deildarfundum, starfsmannafundum, starfsdögum og svo á sérstökum matsfundum á hverju vori. Foreldrar og forráðamenn meta starfsemi leikskólans formlega annað hvert ár, þar sem þeir svara spurningarkönnun (frá skólalþjónunum). Eins

Veturinn 2022/2023 vinnum við að þróunarverkefni sem snýr að innra mati og virku nemendalýðræði. Markmið verkefnisins er að þróa markvisst og kerfisbundið innra mat leikskólans með þátttöku barna, foreldra og starfsfólks. Tilgangurinn er að bæta innra mat leikskólans og samtvinna það öðru starfi. Við viljum ýta undir virka, lýðræðislega og

árangursríka menningu innan skólans þegar kemur að innra mati. Til að ná markmiðunum þarf starfsmannahópurinn tækifæri til að vinna að starfendarannsókn með fræðslu og umræðum um lýðræðislegar matsaðferðir með sérstakri áherslu á virka þátttöku barna. Þetta verður gert í anda lærdómssamfélagsins og umbótamiðari nálgun. Vilji er til að þróa starfsaðferðir sem stuðla að virkri þátttöku barna í mati á skólastarfinu og ná fram þeirra sýn með það að markmiði að styrkja þá upplifun þeirra að þau geti haft áhrif á eigin námsaðstæður og starf leikskólans. Við teljum að með þeim hætti náist markvissari nálgun að matinu og fleiri geti tekið virkan þátt í að meta skólastarfið. Innra matið í leikskólanum verði umbótamiðað ferli sem styrkir lærdómssamfélagið í skólanum og þá sérstaklega þá upplifun barnanna að þeirra sýn og skoðanir séu teknar til greina og hafi bein áhrif á skólastarfið. Í þessu ferli verður komið á fót starfshæfu matsteymi í skólanum þar sem börn, starfsfólk og foreldrar verða virkir aðilar í matsteymi skólans og þeir starfshættir festir í sessi. Við viljum styrkja þekkingu á innra mati og lýðræðislegum starfsháttum í kringum það í skólasamfélaginu í Borgarbyggð, í samvinnu við skólaþjónustu sveitafélagsins.

6.3 Ytra mat

Ytra mat á vegum Menntamálastofnunar fór síðast fram í Uglukletti í desember 2020.

6.3.1 Umbótaáætlun

Umbótaáætlun má finna á heimasíðu Menntamálastofnunar [Leikskólar | Menntamálastofnun](https://leikskolar.mms.is) (mms.is)

6.4 Matsáætlun fyrir skólaárið 2022-2023

Matsáætlun Uglukletts 2022 - 2023 Virkt nemendalýðræði og þáttaka foreldra í skólastarfi								
	Viðfangsefni	Matsþáttur	Viðmið um árangur	Ábyrgð	Þáttakendur	Aðferð	Tími	Umbætt./ eftirfylgd
Innra mat								
Þáttaka barna í innra mati – hvernig og hvar?	Virkt nemenda lýðræði	áhrif barna á starfið	liðan könnun, meirihluti barna nefna atriði sem þau stjórna	Deildastjórar	Börn og starfsfólk	samtal/matslisti	vetur 2022/2023	
Leikskólabragur								
Þáttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Þáttaka foreldra í skólastarfinu	Upplifun foreldra	foreldrakönnun, 80% þáttaka foreldra í foreldrakönnun skólupólusins	Stjórnendur	Allt starfsfólk og foreldrar	foreldrakönnun	vetur 2022/2023	
Uppeldis- og menntastarf								
Útinám - starfshættir	Endurskoða og efla starfshætti	Þróun útikennslu	Aukin ánægja barna og starfsmanna	Deildastjórar	Allt starfsfólk	Samtal	Vor og sumar 2023	

7 Leikskóladagatal 2022-2023

Má finna á heimasíðu Uglukletts: <https://ugluklettur.leikskolinn.is/Skolastarfid/Skoladagatal>